

## A 1901/UKK

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Þingmannatillaga um bókasöfn í hringrásarhagkerfi framtíðarinnar

### Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún komi á fót áætlun um þekkingarmiðlun á milli norrænna bókasafna og annarra aðila er koma að framkvæmd hringrásarhagkerfisins, og*

*að hún leiði umræður á æðra stigi um þörfina á að hringrásarhagkerfi verði hluti af verkefnum norrænna bókasafna*

### Bakgrunnsupplýsingar

Nauðsynlegt er að hverfa frá línulegu efnisflæði í átt að hringrásarkerfi svo draga megi úr notkun á náttúruauðlindum. Með endurnotkun, viðgerðum, uppgerðum og endurvinnslu má lengja notkunartíma efna og draga þannig umtalsvert úr umhverfis- og loftslagsáhrifum. Á þann hátt eru umskipti yfir í hringrásarhagkerfi skilvirk leið til að ná fram heimsmarkmiðum um sjálfbærni, norrænu framtíðarsýninni og landsbundnum sjálfbærnimarkmiðum.

Ein stofnun sem stendur á sterkum grunni í norrænu samfélagi en oft gleymist að líta til er bókasafnið. Á bókasöfnum hefur um langt skeið verið unnið að deilipjónustu. Með ókeypis efnissöfnun fyrir almenning hefur notkunartími fyrir lánsefni lengst í samanburði við einstaklingseign. Bókasöfnin eru einnig oft vel staðsett í borgar- skipulaginu svo að aðgengi fólks að þeim er með besta móti.



Enda þótt kjarnastarfsemi bókasafna sé bókmenntir og efnismiðlun fyrir almenning hafa mörg bókasöfn á síðustu árum aukið út starfsemi sína til annars konar láns- og deilipjónustu. Ástæðan er meðal annars þörfin á breiðari starfsemi vegna minni bókaútlána í kjölfar stafrænnar þróunar. Önnur ástæða er aukinn áhugi á deilihagkerfinu. Borgarbókasafn Óslóar hefur komið á fót saumadeild í samstarfi við Makerspace-hreyfinguna.<sup>1</sup> Í borgarbókasafni Helsingfors getur fólk fengið að láni verkfæri auk saumavéla.<sup>2</sup> Nýja bókasafnið í Hyllie í Malmö mun auk annars verða búið viðgerðarverkstæði.<sup>3</sup> Nefna mætti mörg önnur dæmi.

Breyting í átt að hringrásarhagkerfi krefst þess að allir kimar samfélagsins stefni í sömu átt. Hvað bókasöfnin varðar felur það í sér að aðrir efnisflokkar en bækur verði jafnmikilvægir sem lánsefni. Gera má ráð fyrir að afleiðing þessa sé að íbúar verði meðvitaðir um neysluvenjur sínar og breyti hegðunarmynstri sínu. Slík umbreyting krefst meðal annars áhuga, hæfni, samstarfs borgaranna og miðlunar reynslu á milli bókasafnanna. Náin samvinna við samfélagið er einnig mikilvæg svo að nýtt starfssvið bókasafnanna grafi ekki undan hinu góða hringrásarhagræna starfi sem þegar fer þar fram, s.s. fatalán, frístundabankar eða sjálfboðamiðstöðvar.

Norrænt samstarf gegnir mikilvægu hlutverki við miðlun reynslu og við frumkvöðlavinnu hvað varðar nýsköpun. Með þann áhuga í huga sem mörg bókasöfn hafa sýnt vakningu hringrásarhagkerfis væri það einkar jákvætt ef Norræna ráðherranefndin tæki sér virkt hlutverk við að miðla jákvæðri reynslu á milli bókasafna og leiddi umræður á æðra sviði við viðkomandi aðila um þörfina á að víkka út starfssvið norrænna bókasafna. Hvað felur þessi nýja hlutverkalýsing í sér fyrir menntun bókasafnsfræðinga? Mörg bókasöfn aðstoða almenning nú þegar við stafrænar lausnir. Á þetta einnig að gilda um hringrásarhagkerfið? Má samþætta deilipjónustur bókasafna á breiðari grunni í menntageiranum? Geta bókasöfn orðið vettvangur nýsköpunar í deiliahagkerfinu?

Á bókasöfnum er þegar til staðar reynsla og þekking á flokkun og dreifingu. Þar er um að ræða almenningsstofnanir sem margir heimsækja. Nýtum þann grundvöll til að þróa frekar norrænu bókasöfnin sem hnútpunkta í þróuninni í átt að hringrásarhagkerfi.

Norðurlöndum, 14. janúar 2022

---

<sup>1</sup> <https://www.tekstilaksjonen.no/deichman>

<sup>2</sup> <https://www.hel.fi/uutiset/sv/helsingfors/biblioteket-ar-delningskonomin-pionjar>

<sup>3</sup> <https://www.mynewsdesk.com/se/malmo/pressreleases/malmoes-naesta-bibliotek-byggs-i-hyllie-i-spektakulaert-kvarter-med-fokus-paa-haallbarhet-och-delningsekonomi-3132287>



*Abbas Razvi (RV)*  
*Anders Adlercreutz (sv)*  
*Anders Eriksson (ÅF)*  
*Arman Teimouri (L)*  
*Bertel Haarder (V)*  
*Edmund Joensen (sb)*  
*Erling Bonnesen (V)*  
*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*  
*Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Flf)*  
*Hanna Katrín Friðriksson (Vr)*  
*Heidi Greni (Sp)*  
*Jaspar Langgaard (sb)*

*Jenni Pitko (gröna)*  
*Jouni Ovaska (cent)*  
*Kathrine Kleveland (Sp)*  
*Kjell-Arne (KD)*  
*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*  
*Linda Modig (C)*  
*Magnus Ek (C)*  
*Mikko Kinnunen (cent)*  
*Ola Elvestuen (V)*  
*Pekka Aittakumpu (cent)*  
*Simon Holmström (HI)*